

Sp.

477. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um áfengismál.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum, en ekki horfur á, að nefndin geti orðið sammála. Mun meiri hlutinn vilja leggja til, að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu, að undanþágur verði veittar um sölu áfengis til einstaklinga og félaga, en þó ekki í jafnstórum stíl sem nú er.

Minni hlutinn telur, að með því móti mundi fljótt sækja í sama horf og áður, og leggur því til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. maí 1942.

Dorsteinn Briem.